

# 15. stjórnarfundur LH 18. janúar 2012

## Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal

**Mætt eru:** Haraldur Þórarinnsson (HP), Oddur Hafsteinsson (OH), Sigurður Ævarsson(SÆ), Marianna Gunnarsdóttir (MG), Erla Guðný Gylfadóttir (EGG), Andrea Þorvaldsdóttir (AP), Sigrún Þórðardóttir (SP), Gunnar Sturluson (GS), Þorvarður Helgason (PH), Oddrún Ýr Sigurðardóttir (OÝS) skrifstofustjóri, Haraldur Örn Gunnarsson (HÖG) framkvæmdarstjóri LH og LM.

**Gestir:** Helga B. Helgadóttir (HBH) formaður æskulýðsnefndar LH, Halldór Halldórsson (HH) formaður reiðveganefndar LH, Bjarnleifur Bjarnleifsson (BB) formaður landsliðsnefndar og Sigurbjörn Bárðarson (SB) landsliðsnefnd.

### 1. Fundargerð

Búið var að samþykkja síðustu fundargerð.

### 2. Samstarf við UMFÍ

Samþykkt var að hækka þá upphæð sem lögð yrði kaup á rafmagnsköplum um 400.000 kr. í samvinnu við UMFÍ.

### 3. Vinnufundur stjórnar

Vinnufundur stjórnar verður haldin 10.02.2012 -11.02.2012 í Stykkishólmi og hefst fundurinn kl 14:00. Dagskrá verður send út með góðum fyrirvara.

Boðað verður til fundar með hestamannafélagunum á svæðinu á laugardagsmorgni.

### 4. Æskulýðsnefnd

HBH kom og kynnti fyrir stjórn dagskrá nefndarinnar árið 2012. Sjá fylgiskjal. Merkt Æskulýðsnefnd LH 2012. Stjórn lýsti yfir mikilli ánægju með stórhuga starf á árinu.

### 5. Velferðarnefnd LH

Ákveðið var að boða til fundar í Velferðarnefnd LH sem var samþykkt að stofna á sameiginlegum fundi hagsmunaðila hestamennskunnar. Nefndin verður samansett af eftirfarandi fulltrúum LH, GDÍ, HÍDÍ, FT, FHB, Landbúnaðarháskólunum á Hvanneyri og Hólum, Hrossaræktunarráðunautur Íslands og FJ til þess að fjalla um áverka og önnur álagsmeiðsl í hestaíþróttum. Skrifstofa mun boða til fundar með fyrrnefndum aðilum.

### 6. Fasteignagjöld á hesthús

HP og GS kynntu stöðu mála er varðar fasteignagjöld hesthúsa. Þar sem kemur fram að hesthús í þéttbýli hafi verið sett í flokk C en ekki A eins og á frístundahús. Stjórn mótmælir því harðlega og fer fram á að hesthús falli undir flokkinn tólmstundahús eins og önnur frístundahús. Stjórn mun senda formleg mótmæli til Iðnaðarráðherra.

Í framhaldi af umræðum um fasteignagjöld og virðisaukaskatt var eftirfarandi ályktun samþykkt „Stjórn LH mótmælir því harðlega að ekki hafi verið gerðar breytingar á lögum er varðar verkefnið „Allir vinna“ þrátt fyrir fyrri mótmæli Landssambands hestamanna um að viðhald og breytingar á hesthúsum falli ekki undir verkefnið.“ Stjórn mun senda ályktunina á fjármálaráðuneytið.

### 7. Menntamál dómara

Stjórn LH lýsir yfir ánægju með aukið framboð á námsefni fyrir hinn almenna hestamann. Stjórn hefur áhyggjur af samvinnu þeirra er halda slík námskeið hvað varðar notkun á námsefni og ábyrgð. Í framhaldinu mun Stjórn LH mun boða til fundar með

Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og dómarafélögunum til þess að ræða samstarf í framtíðinni um menntamál hestamanna.

## 8. Samút

Stjórn LH samþykkti eftirfarandi ályktun varðandi málefni um reiðleiðir innan Vatnajökulsþjóðgarðs

*„Stjórn LH vill taka skýrt fram að það er stefna sambandsins að halda öllum reiðleiðum opnum. Telur stjórn LH að þessir leiðir séu partur af sögu menningu og þjóðar. Maður og hestur byggðu þetta land saman og þeirri sögu á ekki að breyta.“*

## 9. Landsmót hestamanna 2012

Stjórn LH samþykkti eftirfarandi ályktun:

*“Stjórn LH harmar að hestamannafélagið Fákur sjái sér ekki fært að bjóða upp á 2 velli til keppni á LM 2012 eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Ljóst er að dagskrá mótsins verður mjög þung fyrstu 3 daga mótsins eins og var á Hellu 2008 og þótti ekki gott þá. Allar áætlanir LH gerðu ráð fyrir 2 völlum og þar með styttingu á mótinu um einn dag en samt með rúman tíma og dagskrá fyrir gesti mótsins.“*

## 10. Samgöngunefnd

HH kom kynnti starfssemi nefndarinnar ásamt því að fara yfir þau sem nefndin er að vinna í. Nánar er hægt að sjá um málefni nefndarinnar í fylgiskjali „Áherslur er varða reiðvegi 2012“.

Stjórn lýsti yfir mikilli óánægju vegna niðurskurðar sem hefur verið kynntur í samgönguáætlun 2011 – 2014 ríkisstjórnar, þingskjal fyrir árið 2014, en þar kemur fram að lækking til reiðvega verður 50 miljónir í stað 60 miljóna árin 2012 og 2013, mun það vera gert formlega við ríkisstjórn Íslands.

Rætt var um skiptingu reiðvegafés, GS óskaði efir breytingum á úthlutun reiðvegafjár. Taldi hann að einstök hestamannafélög á landsbyggðinni ættu ekki að standa straum af viðhaldi reiðvega sem aðallega eru notaðir af hestamönnum almennt eða ferðamönnum. Nefndi hann sem dæmi leiðina um Löngufjörur á Snæfellsnesi. Viðhald og uppbygging á þess konar leiðum verður til þess að ekkert fé er til uppbyggingar reiðvega á helstu útreiðaleiðum félagsmanna. Taldi hann að breyta ætti úthlutun reiðvegafjár þannig að skilgreina ætti þær reiðleiðir sem eru í almennri notkun án sérstakra tengsla við hestamannafélög og staðið yrði fyrir framkvæmdum á þeim af heildarreiðvegafé, en ekki fyrir reikning hestamannafélags á því svæði sem reiðleiðin er á.

## 11. Landsliðsnefnd

BB og SB komu kynntu skýrslu Landsliðnefndar. Með skýrslunni var einnig kynntar fjárhagsáætlanir NM 2012 og HM 2013. Sjá fylgiskjal landsliðnefndar „*skýrsla landsliðsnefndar 2011*“.

## 12. Vefskráningarkerfi

Stjórn LH samþykkti að ganga að tilboði BÍ að gera vefskráningarkerfi fyrir mót, þ.e. að knapar geti sjálfir skráð sig á mót á vefnum og greitt skráningargjöldin um leið.

*Fylgiskjöl með fundargerð*

- *Æskulýðsnefnd LH 2012*
- *Skýrsla Landsliðsnefndar 2011*
- *Reiðveganefnd, áherslur er varða reiðvegi 2012*

*Fleira ekki fært til bókar  
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*